

8. gr.

Beiðni um náðun frestar framkvæmd refsingar, þar til hún hefur verið afgreidd. Sé náðunarbeiðni endurnýjuð, frestar hún þó ekki framkvæmd refsingar, nema um sé að ræða nýjar upplýsingar um hagi dómþola, sem ekki var unnt að leggja fram með fyrri beiðni.

9. gr.

Fangelsismálastofnun tekur ákvarðanir skv. 3. mgr. 41. gr. almennra hegningarlaga um að breyta eða fella niður skilyrði reynslulausnar.

10. gr.

Fangelsismálastofnun fjallar um skilorðsrof skv. 2. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga. Stofnunin ákveður, hvort breytt skuli skilyrðum og reynslu- og/eða tilsjónartími lengdur allt að lögmaletu hámarki hans eða að dómþoli taki út refsingu þá, sem eftir stendur.

Ákvörðun fangelsismálastofnunar skv. 2. mgr. þessarar greinar skal vera skrifleg og rökstudd. Ákvörðun skal birta hlutaðeigandi með sannanlegum hætti, og er óheimilt að láta hann taka út eftirstöðvar refsingar fyrir en eftir birtingu.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 30. gr. laga um fangelsi og fangavist nr. 48/1988 og 40.-42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og öðlast hún gildi 1. janúar 1989.

Jafnframt eru felldar brott starfsreglur fyrir fangelsismáladeild dóms- og kirkjumálaráðuneytisins nr. 409/1977 og auglýsing um breytingu á þeim nr. 3/1980.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. desember 1988.

Halldór Ásgrímsson.

Þorsteinn A. Jónsson.

REGLUGERÐ

um gjald af ísfiski sem fluttur er óunninn á erlendan markað.

1. gr.

Á tímabilinu 1. janúar til og með 31. mars 1989 skal ekki greiða sérstakt gjald samkvæmt 2. gr. laga nr. 13/1988 af ísfiski sem fluttur er óunninn á erlendan markað.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 13, 16. mars 1988 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 468, 6. október 1988.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. desember 1988.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Gylfi Gautur Pétursson.